

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Grafarvogsblaðið

12. tbl. 35. árg. 2024 desember

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



Ódýri Ísinn



*Gleðileg
jól!*

Hrafnhildur best hjá Fjölni 2024

- sjá bls. 21

**FASTEIGNA
MIÐLUN
GRAFARVOGS**

**FASTEIGNA-
SALAN
Í ÞÍNU HVERFI**

Spöngin 11
112 Reykjavík
Sími 575 8585

www.fmg.is

**Bífreiðaverkstæði
Grafarvogs**

**Allar almennar
bílavíðgerðir**

Gylfafiöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477
www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili

SSANGYONG CHEVROLET

Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.890 kr kg

PIPAR Bragðgott PIPAR Bragðgott PIPAR
EKTA STEINBITUR EKTA STEINBITUR EKTA

Lyf á lægra verði!

Leggjum áherslu á
mjög góða þjónustu

Gott vöruúrval

Hægt að panta lyf
á www.rimaapotek.is
og í síma 577-5300

Einkarekið apótek

Grafarvogsblaðið

Útgefandi: Skrautás ehf. Netfang: gv@skrautas.is

Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.

Netfang Grafarvogsblaðsins: gv@skrautas.is

Ritstjórn og auglýsingar: Símar 698-2844 og 699-1322.

Útlit og hönnun: Skrautás ehf.

Auglýsingar: 698-2844 - 699-1322 - gv@skrautas.is

Prentun: Landsprent ehf.

Ljósmyndari: Katrín J. Björgvinsdóttir.

Dreifing: Póstdreifing.

Grafarvogsblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Grafarvogi.

Einnig í Bryggjuhverfi.

Gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Enn einu sinni eru jólin á næsta leiti og fyrr en varir er árið á enda runnið. Margt er að minnast þegar líða tekur að áramótum. Þegar horft er til baka kemur afskaplega leiðinlegt veður einna fyrst upp í hugann. Sumarið var leiðinlegt með afbrigðum og ekki sást mikið til sólar.

Ekkert dró úr eldvirkni á Reykjanesskaganum og svo virðist sem ástandið haldi áfram. Einu gosi er varla lokið þegar land tekur að rísa á ný og undirbúningur fyrir næsta gos hefst. Lítið er hægt að gera annað en að biðja fyrir Grindvikingum og öðrum sem verða fyrir ónáði vegna eldgosanna.

Það hefur mikið gengið á á árinu sem senn er liðið. Kosningar nýafstaðnar og fjöldi fólks hefur orðið fyrir barðinu á verkfalli kennara. Það bitnaði á sumum en öðrum ekki. Hér er tekið hraustlega undir með þeim sem hafa hneykslast á verkfallsaðgerðum kennara. Sumir aðstandendur skólábarna hafa heldur betur fengið að finna fyrir þessum undarlegu aðgerðum kennara á meðan aðrir hafa ekki orðið fyrir barðinu á verkföllunum. Afar og ömmur hafa bjargað málum í einhverjum tilfellum en ekki eru allir svo heppnir að geta leitað í traust baklandið. Vonandi verður gengið frá samningum við kennara fyrir 1. febrúar. Ef ekki skellur á önnur hrina verkfalla með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þeir sem verða fyrir mestum skaða vegna verkfallanna eru auðvitað nemendurnir sjálfir sem eru auðvitað varnarlausir þegar þessi ósköp ganga yfir.

Þegar líður að jólum leitar hugurinn til þeirra sem minnst hafa handa á milli og eiga erfitt með að láta enda ná saman. Fólk með lágar og meðaltekjur bindur miklar væntingar við þá ríkisstjórn sem virðist vera í burðarliðnum. Nú fá valkyrjurnar þjár væntanlega tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þær hafa haft hátt undanfarnar misseri og gagnrýnt fráfarandi stjórn harðlega. Eftir því verður tekið á næstu misserum hvernig þeim tekst til en ljóst er að flokkarnir þrír ná ekki allir að efna sín loforð. Og líklega verður erfitt fyrir valkyrjurnar að þurfa að svíkja gefin kosningaloforð. En þær fá nú sénsinn og megi þeim vegna vel í baráttu við okurvexti og hátt verðbólgu.

Við sem stöndum að útgáfu hverfablaða í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti og Úlfarsárdal erum þrátt fyrir allt bjartsýn á komandi ár. Þeim mun vonandi fjölga á nýju ári sem átta sig á því hve öflugir miðlar hverfblöðin eru og þeir aðilar sem þar auglýsa finna fyrir miklum árangri. Það heldur okkur gangandi og viðheldur nauðsynlegri bjartsýni. Við höfum verið að í 30 ár og þrátt fyrir að endalokin nálgist mun hressst fólk taka við þegar þar að kemur og halda hverfblöðum í borginni gangandi. Við óskum lesendum gleðilegra jóla, farsældar á nýju ári og velgengni í öllu sem þið takið ykkur fyrir hendur.

Stefán Kristjánsson

gv@skrautas.is

Skuldir Reykjavíkurborgar vaxa á ógnarhraða

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Á síðasta fundi borgarstjórnar Reykjavíkur var frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og fimm ára áætlun til 2029 samþykkt. Áætlunin varpar ljósi á stöðugt vaxandi skuldaföfnun borgarinnar, sem eykur álagið á rekstur hennar og hefur áhrif á alla borgarbúa.

Skuldir nálgast 600 milljarða

Samkvæmt áætlunum munu skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta borgarsjóðs nema 557,7 milljörðum króna árið 2025 og nálgast 600 milljarða árið 2026. Til samanburðar voru skuldir borgarinnar 299 milljarðar árið 2018, sem jafngildir 93,3% hækkun á átta árum.

Þessi þróun hefur alvarlegar afleiðingar, þar á meðal gríðarlegan vaxtakostnað sem bitnar verst á þeim sem minnst mega við því. Skuldaföfnunin er afleiðing óábyrgtrar fjármálastefnu sem hefur tíðkast í tíð meirihluta Samfylkingarinnar og bandamanna hennar.

Útgjaldavandi ekki tekjuvandi

Þrátt fyrir að samanlagðar rekstrartekjur borgarinnar séu áætlaðar 291 milljarðar króna árið 2025 – hækkun um 14 milljarða frá fyrra ári – og útsvarið sé í hámarki, heldur skuldaföfnunin áfram. Frá árinu 2023 hafa rekstrartekjur borgarinnar aukist um 15,7%, sem staðfestir að vandi borgarinnar liggur í útgjöldum, ekki í tekjuöflun.

Áætlunir sýna að skuldir A-hluta borgarsjóðs, sem inniheldur aðalsjóð og eignasjóð, munu nema 217 milljörðum króna í lok árs 2025, sem er hækkun um 102,8% frá árinu 2018. Þrátt fyrir loforð um lækkun skulda á árunum 2028 og 2029 er sú lækkun óveruleg og engar tryggingar fyrir því að af henni verði.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til fjölbreyttar lausnir

Til að bregðast við alvarlegri fjármála-



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

stöðu borgarinnar hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagt fram margar hnitmiðaðar og ábyrgar tillögur sem miða að því að ná niður skuldum, hagræða í rekstri og bæta grunnþjónustu borgarbúa. Við lögðum meðal annars til í þeim efnum:

- Fjárhagslegt aðhald
- Frestun eða lækkun á fjárfestingum (1.15 milljarðar samtals).
- Ráðningarbann í miðlægri stjórnsýslu.
- Hagræðing í stjórnkerfinu, m.a. með stjórnkerfisúttekt, sameiningu mannréttindaskrifstofu við velferðarsvið og endur-

skipulagningu á skipulagi borgarstjórnarfundar.

Sala eigna

- Tillögur um sölu á Ljósleiðaranum ehf., Malbikunarstöðinni Höfða og bílastæðahúsum borgarinnar. Söluandvirðið verði nýtt til lækkunar skulda og fjárfestinga í innviðum.

- Tekjuaukandi aðgerðir
- Fjölgun lóðaúthlutana fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði til að styrkja tekjustreymi og auka vaskosti borgarbúa.
- Hagræðing í skrifstofu- og markaðsrekstri
- Lækkun á kostnaði við samskiptamál, markaðsmál, almannatengsl og móttökur borgarinnar (samaltals 220 milljónir króna).

Rekstrarútbod á sorphirðu

- Tillaga um að bjóða út rekstur sorphirðu Reykjavíkur til að auka skilvirkni og lækka rekstrarkostnað.

Krafan um breytingar

Fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar kallar á róttækar breytingar. Tillögur Sjálfstæðisflokksins fela í sér raunhæfar lausnir sem miða að ábyrgri fjármálastjórn, sem myndi skapa svigrúm til að efla grunnþjónustu borgarbúa og greiða niður skuldir. Nauðsynlegt er að meirihlutinn í borgarstjórn breyti um stefnu, hætti skuldaföfnun og forgangsráði í grunnverkefni sveitarfélagsins. Aðeins þannig verður hægt að tryggja sjálfbæran rekstur og bæta þjónustu borgarinnar til framtíðar.

Björn Gíslason, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks

VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILAN Á UPPRUNA SINN 3200 FYRIR KRIST.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGLISHÖLL

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tónaviðgerðir er réttinda- og málningarverkstæði með 5 stjórnun gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna

Drögáls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingarféлага.


Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum



Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir byrjendur og lengri komna á öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600




Léttara líf



Sterkari bein



Klúbburinn



Einkapjálfun

Skötuselur í dásamlegum hun- angs- og sinnepslegi

- frábær réttur sem vert er að prófa

Við bjóðum lesendum upp á afar gírnilega rétti og frábærar uppskriftir frá Kristjönu Steingrímsdóttur, Jönu.

700 gr skötuselur frá Hafinu.

- 7 msk. ólífuoía frá MUNA.
- 1 msk. kapers.
- 1 sítróna - safi plús börkur.
- Salt og pipar.
- 1/2 msk Fagur fiskur í sjó fiski-kryddsblanda frá Kryddhúsinu.
- 1/2 msk. sinnep.
- 1 msk. hunang.
- Smá fersk steinselja.

Skerið skötuselinn í hæfilega bita. Setjið bitana í eldfast mót. Hrærið allt

saman í skál og hellið svo yfir skötuselinn og látið marinerast í nokkrar klukkustundir inn í ísskáp.

Hitið ofninn í 200 gráður og setjið skötuselinn inn í ofninn og bakið í 17-20 mínútur. Fer eftir þykkt bitanna.

Dásamlega bragðgóður fiskréttur og gott að bera fram með góðu salati.

Alls kyns skemmtileg salöt á heimasíðunni minni sem passa vel við þennan rétt.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrímsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast



Skötuselurinn úr Hafinu er frábær fiskréttur sem lesendur ættu að prófa.




MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Ray-Ban í jóla- pakkan

eyesland



THE CON SERIES

THE AVIATOR

Truper dagar

20% afsláttur af öllum Truper vörum



20%
afsláttur

Verð áður: 6.299 kr.

5.039 kr.

Verkfæratasta fyrir heimilið. Öll helstu verkfæri 42stk



20%
afsláttur

Verð áður: 6.999 kr.

5.599 kr.

Truper Snjóskófla úr áli



20%
afsláttur

Verð áður: 2.399 kr.

1.919 kr.

Skófla samanbrjótanleg fyrir bílinn



20%
afsláttur

Verð áður: 3.619 kr.

2.895 kr.

Truper skrúfjarna og toppa sett



20%
afsláttur

Verð áður: 2.479 kr.

1.983 kr.

Truper Verkfærabelti með 7 hölfum - án verkfæra

20%
afsláttur

Verð áður: 7.999 kr.

6.399 kr.

Samanbrjótanleg trilla

20%
afsláttur

Verð áður: 8.299 kr.

6.639 kr.

True Tough Snjóskófla úr áli

20%
afsláttur

Verð áður: 2.799 kr.

2.239 kr.

Snjóskafa með stál skafti



20%
afsláttur

Verð áður: 3.469 kr.

2.775 kr.

Pretul Topplykasett 22stk 1/4"



20%
afsláttur

Verð áður: 4.039 kr.

3.231 kr.

Truper Skrúfjarn fyrir bita og toppa, 58stk

20%
afsláttur

Verð áður: 5.799 kr.

4.639 kr.

Lyklaskápur með tálnalás



20%
afsláttur

Verð áður: 4.799 kr.

3.839 kr.

Snjóskafa með slitblað úr málm



Kletthálsi 7
110 Reykjavík
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Selhella 6
221 Hafnarfjörður
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Fuglavík 18
230 Reykjanesbær
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Silli kokkur Höfðabakka 1

- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppkomur um helgar



Jólin nálgast!

Sala er hafin á okkar vinsælu gjafakörfum fyrir fyrirtæki og einstaklinga á

sillikokkur.is

og matseðlar eru kynntir þar. Marg verðlaunaðir hamborgarar sem koma verulega á óvart



Silli Kokkur - S: S691-5976 - sillikokkur.is

Svona eiga gjafakörfur að vera



Karfa A - kr. 18.200,-



Karfa B - kr. 11.100,-



Karfa C - kr. 11.300,-



Karfa D - kr. 11.400,-



Karfa E - kr. 8.100,-



Karfa F - kr. 8.700,-



“Matseðill”

- “Gæsaburger”
m/ Rucola, sultuðum rauðlauk með trönuberjum og bláberjum og reyktri gráðostasósu
2.800kr.
- “Hreindýraburger”
m/ Rucola, sultuðum rauðlauk með trönuberjum og hindberjum og villisveppasósu.
2.800kr.
- “Haltu kjafti”
m/ 140 gr. brisketbuff, 3x ostur, iceberg, sinneps-bbq sósa.
3.000kr.
- “Brisketburger”
m/ Nautabuff, 2x ostur, lauk-beikoni, doritos og sillasósu.
2.800kr.
- “Mac & Cheese”
m/ Nautabuff, 3x ostur, mac & cheese, döðlu-beikon chutney, doritos, sillasósu.
2.800kr.
- “BBQ brjálæði”
m/ Smassbuff, 4x ostur, beikon, doritos, sillasósu og bbq sósu.
2.800kr.
- “Mac silli”
m/ 2x Smassbuff, 4x ostur, relish, iceberg og sillasósu.
2.800kr.
- “Smassbörger”
m/ Nautabuff, 3x ostur, doritos, sillasósu.
2.500kr.
- “Vegan Börger”
m/ steiktum sveppum, rucola, doritos og siracha vegan majo.
2.500kr.
- “Meðlæti”
Bökuð kartafla m/ hvítlauks-beikon-döðlu-rjómaosti.
700kr.
- “Barnabörger”
m/ Nautabuff, 2x ostur, tómatsósa og safi fylgir.
500kr (Aðeins 12 ára og yngri)

Hetjan fótalausa

- brot úr bókinni Prútið var loft og þungur sjór eftir Steinar J. Lúðvíksson

Prútið var loft og þungur sjór eftir Steinar J. Lúðvíksson er afar fróðleg og áhugaverð bók um sjóskaða við strendur Íslands. Hér segir frá skipbrotsmönnum hringinn í kringum landið fyrr á tíð, giftusamlegum björgunum, hörmulegum mannsköðum, gjörningaveðrum, feigð og baráttu við landhelgisbrjóta. Hér á eftir fer upphaf að frásögninni Hetjan fótalausa, lítillaga stytt.

Brugðið gat til beggja vona

Um klukkan þrjú aðfaranótt mánudagsins 29. nóvember árið 1880 lagði bátur af stað í róður frá Fjarðaröllu í Seyðisfirði. Þetta var ekki stórt fley – fjögurra manna far – en vel smíðaður bátur og traustur. Um borð voru fjórir menn: nafn amir Jón Sigurðsson og Jón Valdimarsson, Jóhann Ringsted og Þorsteinn Sigurðsson. Sameiginlegt með þeim var að þeir voru allir Sunnlendingar að ætt og uppruna en höfðu látið freistast af fregnum sem bárust að austan um að þar væri miklu meiri aflasæld en á heimaslóðum þeirra auk þess sem þar var talinn möguleiki á að komast í vinnu hjá Norðmönnum sem nýlega höfðu hafið síldveiðar á Austfjörðum með gríðarlega góðum árangri.

Vedur var sémilegt er fjórmenningamir mættu í fjöru í myrkrinu. Kvöldið áður hafði veðurútlit ekki verið gott og brugðið gat til beggja vona í róðrinum. Einhuga voru þeir þó um að róa og lögðu ótrauðir af stað og tóku hraustlega til árána. Stefnan var tekin að Skálanesbjargi sem er yst í firðinum sunnanmegin. Þar hafði fengist ágætur afli dagana á undan. Sóttist vel á miðin en þegar þangað var komið var veður tekið að versna, skallið á norðvestan hvassviðri með hríðarfjúki. Eigi að síður tókst fjórmenningunum að leggja línuna, fjögur bjóð með 24 strengjum. Þegar því var lokið var komið fram eftir morgni og biðu mennirnir ekki boðanna og hófu strax línudráttinn. Fer ekki


sögum af aflabrögðum.

Nauðlending í Vogum

Með birtingu herti enn veðrið og gerði jafnframt grimmdarfrost. Eftir að hafa dregið um helminginn af línunni urðu menn ásátir um að skera á og reyna að koma sér til lands. Ekki var viðlit að komast inn Seyðisfjörð á móti veðrinu en helsta vonin var að ná að Skálum, sunnan við bjargið, en þar var viðunandi lending. Settust menn undir árar og tóku vel á. Dagsbirtunnar naut ekki lengi og undir kvöld var ljóst að báturinn næði ekki að Skálum. Var það þrautaráð að hleypa undan og freista landtöku í Vogum skammt frá Dalatanga. Menningirnir vissu þó að þar var engin lending heldur óslitin urð og gerðu sér grein fyrir því að landtakan yrði upp á líf og dauða í því ofsalega brimi sem var komið.

Þegar þeir náguðust land var ekki um annað að gera en að taka fast á árum og reyna að komast í gegnum brimgarðinn. Svo ótrúlega vel tókst til að báturinn slapp áfallalaust alla leið upp í fjöruna þar sem mennirnir stukkðu úr honum og þjuggust til þess að ná honum ofar þegar næsta bára riði að.

En þá skall á þá mikill sjór sem hrifsaði bátinn úr höndum þeirra og hvolfði honum. Náði Jón Valdimarsson að stökkva í land en hinir þrjú mennirnir lentu allir í sjónum. Skolaði Jóni Sigurðssyni og Jóhanni fljótt upp og fengu þeir fast land undir fætur en Þorsteinn hvarf í sjávar löðrið og áttu menn ekki von á því að sjá hann framár.



Fyrir hvert jólatré eru 50 ný gróðursef

Jólamarkaður
í Heiðmörk

Opnið adventuhelgan kl 12-17



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Allar nánari upplýsingar
um Jólamarkaðinn í Heiðmörk,
Jólaskóginn á Hólmsheiði og
jólatrjáasölu á Lækjartorgi
má finna á heidmork.is



LEIKFANGAVERSLUN

G Y L F A F L Ö T 7
G R A F A R V O G I

OPNUNARTÍMINN

16. - 20. DES. 8:30 - 19:00
21. - 22. DES. 10:00 - 19:00
23. DES. 8:30 - 21:00
24. DES. 8:30 - 12:00

KRUMMA.IS/NETVERSLUN



ERUM BÚIN
AÐ UNDIRBÚA
JÓLAMATINN
FYRIR ÞIG



FJÖLBREYTT ÚRVAL

LUX VEITINGAR



SÆLKERA
— BÚÐIN —

BITRUHÁLSI 2



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HeilsuKlasinn



Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844

eignaumsjon.is



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

2021-2024 Fyrirmyndaryfirtæki
Viktoríu Skelton

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega; í síma 585-4800 eða á netspjallinu. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Fréttir

GV

Gleðiríka jólahátíð

- eftir Kristínu Kristjánsdóttur, djákna í Grafarvogssókn



Kristín Kristjánsdóttir, djákni í Grafarvogssókn.

Fyrsti sunnudagur adventunnar heilsaði okkur hér á höfuðborgarsvæðinu með köldu en fallegu veðri. Eftir annasama daga, þar sem kosningar og stórir afsláttadagar lituðu daganna, þá var kærkomið eiga rólegan dag heima í faðmi fjölskyldunnar.

Fyrsti sunnudagur í adventu markar upphaf að jólaundirbúningi hjá mörgum. Amstrið er í algleymingi og auðvelt er að hrífast með öllu því sem fylgir þessum árstíma. Það er mikið um að vera í desember og verkefnið sem þarf að sinna eru ótalmörg. Það þarf að finna og kaupa viðeigandi jólagjafir fyrir fjölskyldu og vini, senda jólakveðjur og sækja jólatré. Heima þarf að skreyta, þrifa og skúra, undirbúa matarhátíðina miklu, baka og elda, pakka inn gjöfum, skipta um rúmföt og gera fint. Það eru vinnuþing, jólahlaðborð, jólatónleikar og jólabod. Jólin eru dálítið eins og leiksyning þar sem þarf að halda um ótal þræði og undirbúa ólíka verkþætti vandlega. Ekkert má verða útundan áður en tjöldin eru dregin frá og hátíðin hefst.

Við kvörtum stundum yfir umstanginu en vitum að sjálf getum við haft nokkur áhrif þar á, ef við forgangsröðum og skiljum og skynjum hvað það er sem raunverulega skiptir máli.

Undirbúningur adventunar hófst óvenju snemma hjá okkur starfsfólkinu í Grafarvogskirkju. Um miðjan október héldum við jólabod með öllu tilheyrandi fyrir jólablað Húsfreyjunar. Við höfðum fengið beiðni um að taka að okkur jólabátt blaðsins, elda okkar uppáhalds jólamat, dekkja upp jólabod og gefa síðan uppskriftir af réttunum til lesenda blaðsins.

Þetta var heilmikið verkefni sem þarfnaðist mikils undirbúnings. Það var þínu skýtið að vera spá í jólamat og jólaskraut á miðju hausti. Þetta var ekki alveg rétti tíminn, það vantaði myrkríð og kuldann, jólaljósin og allt amstrið sem fylgir adventunni.

En við tókum þessu verkefni með jákvæðni og ákváðum að hafa gaman af. Eftir nokkra fundi og vangaveltur um hvaða rétti við ættum að bjóða uppá og hvaða jólaskraut hver og einn ætti að koma með, var komið að því að halda jólabod. Allir mættu sparklæddir ásamt ritstjóra blaðsins og ljósmyndara, borð voru dekkjuð upp með fallegum jóladúkum og jólaskrauti og kirkjan ilmaði af dásamlegum jólailmi. Jólatónlist ómaði og hver jólarétturinn af öðrum var borinn á borð. Þetta var skemmtileg og eftirminnileg samverustund með vinnufélögum, þar sem við deildum sögum af allskyns furðulegum og skemmtilegum jólasögum um jólahefir og jólauppskriftum sem fylgt hafa fjölskyldum í áratugi. Jólahefir eru margar og skemmtilegar og eiga sér tilfinningalegt gildi, eins og ein af jólahefum organista kirkjunnar þar sem spariskálinn „Queen-Anne“-silfurfatíð sem er erfðagripur leikur stórt hlutverk og á sinn sérstaka stað í jólahaldinu hjá hennar fjölskyldu, silfurfatíð er alltaf notað undir jólabúðinginn og er aðeins notað á jólum.

En svona erum við á jólinum. Við erum sjaldan jafn bundin hefðum og venjum og um jólin. Hefðirnar eru fyrir mörgum okkar, stór hluti jólagleðinnar. Hefðirnar eru hluti af okkur sjálfum og fjölskyldum okkar, hluti af sögu okkar hvers og eins. Þær eru um leið hluti af því hvernig við deilum hamingju okkar með þeim sem okkur þykir vænt um.

Adventan og undirbúningur jólnanna búa yfir vissum töfrum og sterkum minningum. Í árunna rás safnast jólaminnningar fyrir í hugskotinu, hlaðast upp og verða að minningabunka. Eins og gengur stendur eitt og annað upp úr á meðan annað liggur í láginni. Jólin og adventan eru í flestum tilfellum tilhökkunarefni, standa iðulega með sínum hætti undir væntingum og eru tími sem við njótum, ekki síst samverustunda með fólkinu sem okkur þykir vænt um.

Minningarnar sem fylgja jólum eru sterkar. Við hugsum til þeirra sem eru fjarri, minnumst þeirra og syrgjum þau sem látin eru.

Jólinn og adventan er tími tilfinninga, það er eins og skelin verði þynnri og erfðara er að brynja sig fyrir áreitinu úr umhverfinu. Þess vegna á gleðin, en einnig sorgin, greiðari aðgang að okkur um þetta leyti en ella. Gleði, eftirvænting eða tregablandnar tilfinningar bærast innra með okkur, allt eftir aðstæðum.

Það er eitthvað alveg sérstakt við þessa hátíð, hún hefur tilhneigingu til að laða fram hið góða í fari manna. Birtan og vonin sem hátíðin felur í sér er kærkomin inn í þennan dimmasta tíma ársins. Andrúmsloftið er sérstakt og við erum næmari fyrir neyð náungans á jólum en oft áður og fúsari til að koma honum til hjálpar. Við skynjum hluti sem við erum oft lokuð fyrir eða leiðum hjá okkur, tilfinningar og sorgir annars fólks. Kannski erum við stundum betri manneskjur í desember heldur en hina mánuði ársins þrátt fyrir þirring yfir jólahreingerningum, jólagjafaleiðangri í yfirfullum verslunum, skammdeginu, jólaumferðinni, og ekki má gleyma óþolandi jólaferum sem alltaf virðast koma flæktar upp úr jólakössunum. Það er eins og jólin hjálpi okkur að horfast í augu við eigin mennsku og tengir okkur við mennsku annarra.

Undirbúningur jólnanna getur verið allskonar en alltaf er sami undirtóninn, gleðin að vera saman, gleðin að gefa, gleðin að móttaka frið og frelsun manna sem jólin flytja okkur.

Með síðum okkar og venjum gleðum við hátíðina lífi og innihaldi. Frammi fyrir boðskap jólnanna stöndum við berskjölduð. Í einfaldleik sínum sneritir boðskapurinn hjartað.

Guð gefi þér kærleiksrika adventu og gleðiríka jólahátíð.



Grafarvogskirkja.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Kjötkompaní

NAUTALUND WELLINGTON

Munið að þanta tímanlega



DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFDA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARDI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Boltabókin í ár - Fótboltspurningar 2024:

Hversu mörg lið eru í Bestu deild kvenna?

Í bókinni Fótboltspurningar 2024, eftir Guðjón Inga Eiríksson, er farið um víðan völl og hér koma nokkur dæmi (svörin eru aftast):

1. Hvaða lið lék í fyrsta sinn í Bestu deild karla árið 2024?
2. Hverrar þjóðar er William Saliba, leikmaður Arsenal?
3. Hvaða félag í Reykjavík var stofnað 11. febrúar 1988?
4. Um hvern er fjallað og það fyrstan af öllum og öllu í bókinni Stafróf knattspyrnunnar - því miður er hann látinn, en nafn hans byrjaði á bókstafnum A og hann vann sér það meðal

annars til frægðar að skora sex mörk á einni helgi, fimm þeirra fyrir félagsslið sitt í Þýskalandi á laugardegi og eitt fyrir íslenska landsliðið á sunnudegi og voru þetta jafnframt einu mörkin í þessum leikjum?

5. Hvaða knattspyrnukona úr Þór/KA rauf hundrað marka múrinn í A-deildinni þegar lið hennar sigraði Stjörnuna 4-1 um miðjan júní 2024, en þá skoraði hún tvö mörk og hafði þá gert alls 101 mark í efstu deildinni?

6. Goðamótið er knattspyrnumót fyrir 6. og 5. flokk stúlkna og drengja. Hvaða lið stendur fyrir þessu móti?

7. Hver á þennan knattspyrnuferil:

AIK – Borussia Dortmund – Willem II (lán) – Real Sociedad – Newcastle?

8. Hvaða þjóð tryggði Olga Carmona García heimsmeistaratitil kvenna árið 2023 með marki sínu í 1-0 sigri á Engendingum í úrslitaleiknum?

9. Joshua Zirkzee, leikmaður Manchester United, var kallaður inn í hollenska landsliðshópinn á síðustu stundu fyrir EM 2024 vegna meiðsla þar. Fyrir vikið varð hann að hætta við heimsókn í ákveðið land, sem þó er ekki sjálfstætt land, svo að því sé nú bara skellt hér fram. Það er aftur á móti vel þekkt og vinselt fyrir skemmtanagildi sitt. Hvaða land er þetta?

10. Hversu mörg lið eru í Bestu deild kvenna?

Já, Fótboltspurningar 2024 er bæði skemmtileg og spennandi og auðvitað ætti hún að vera til á hverju einasta fótboltaheimili.

Svör: 1. Vestri. 2. Franskur. 3. Fjölnir. 4. Atla Eðvaldsson. 5. Sandra María Jessen. 6. Þór. 7. Alexander Isak. 8. Spánverjum. 9. Disneyland (í Flórída). 10. Tíu.

FÓTBOLTA-SPURNINGAR 2024

Guðjón Ingi Eiríksson



GV

Ritstjórn og
auglýsingar 698-2844

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utfarin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utfarin@utfarin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfarastofa.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Grænir
skátar

Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.
Við tökum vel á móti þér.
Grænir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.
Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr.
fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 · 110 Reykjavík



NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámar fyrir papp-
og plastumbúðir hjá **Orkunni**
23. - 27. desember.

-  Gylfaflöt, Reykjavík
-  Kleppsvegi, Reykjavík
-  Austurströnd, Seltjarnarnesi
-  Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
-  Skagabraut, Akranesi
-  Mýrarvegi, Akureyri



HP 
GÁMAR

Stíflubjónusta Röramyndir Dælubíll



VALUR
HELGASON

stifla.is | 896 1100

Dolly Parton

LAMB, BÖKUD KARTAFLA,
MAÍS & BERNAISE



American Style

BÍLDSHÖFÐA
AMERICANSTYLE.IS

DALSHRAUNI

NÝBÝLAVEGI

SKIPHOLT
5 17 18 18

Fréttir

GV



Árni Hjartarson, Steingrímur og Atli Rúnar Halldórsson uppi á Kolbeinsey, 22. júlí 1989.

Landganga Steingríms J. í Kolbeinsey

- brot úr bókinni **Fólk og flakk** eftir Steingrím J. Sigfússon

Á ferðum sínum um landið kynntist Steingrímur J. Sigfússon fyrrverandi alþingismaður og ráðherra ótölulegum fjölda fólks, jafnt samherjum sem andstæðingum í pólitík. Í bók sinni **Fólk og flakk** rifjar hann upp eftirminnlegar sögur frá þessum ferðum og af Alþingi en allar einkennast þær af hlýju og húmor. Hér er gripið niður í frásögn af því þegar hann gekk á land í Kolbeinsey við þriðja mann:

Ég var vel kunnugur deilum um afmörkun miðlínu milli lögsögu Íslands og Grænlands þar sem það hvort Kolbeinsey skyldi teljast fullgildur grunnlínupunktur skipti máli. Mikilvægi Kolbeinseyjar hafði verið hreyft á þingi og ég setti sem samgönguráðherra í gang athugun á því hvort ráðlegt væri að reyna að styrkja eyjuna og lengja að minnsta kosti líftíma hennar meðan ekki hefði fengist niðurstaða í máli.

Ákveðið var að ráðast í aðgerðir í samvinnu ráðuneytisins, Vitaog hafnar- málafundunar og Landhelgisgæslunnar. Varðskipið Óðinn varð fljóttandi steypustöð og flutti efni til framkvæmdanna. Þyrla flutti steypuna frá skipinu og út í mótin þegar gerðar voru undirstöður fyrir þyrlupall í Kolbeinsey. Búið var að bora festingar og járnbinda í sprungum sem steyp var yfir og gleypu þær heilmikla steypu áður en sjálfur pallurinn fór að byggjast upp.

Lítið var á framkvæmdina sem fyrsta áfanga af fleiri mögulegum til að styrkja eyjuna og verja hana ágangi sjávar. Blíðuveður lagði sitt af mörkum til að hjálpa þessari óvenjulegu og einstöku framkvæmd í Íslandssögunni.

Ég fylgdist með öllum undirbúningi af áhuga og ákvað svo að slást í för þegar haldið yrði af stað í sjálfa steypuvinnuna frá Akureyri föstudaginn 21. júlí 1989. Þangað mætti ég við þriðja mann. Jarðfræðingurinn Árni Hjartarson og fréttamaður Ríkisútvarpsins, Atli Rúnar Halldórsson, voru með í föruneytinu. En þá kom babb í bátinn. Gæslan sagði það ekki samrýmast sínum reglum að taka fréttamann og utanaðkomandi föruneyti um borð. Það fauk í mig og ég sagði að annaðhvort færi mitt föruneyti allt með eða enginn og það varð niðurstaðan. Óðinn sigldi frá Akureyri í kvöldbliðunni meðan við þremmingar horfðum á fótboltaleik og skemmtum okkur í bænnum.


Þegar ganga átti til hvílu að áliðinni bjartri sumarnóttinni fannst mér hálfíúlt að þetta skyldi ætla að enda svona. Ég

hafði samband við kunningja minn hjá Flugfélagi Norðurlands og spurði hvort hann gæti skutlað mér og tveimur öðrum út í Grímsey í morgunsárið. Það reyndist auðsött. Þá var að kanna hvort hraðskreiður bátur væri til taks í eyjunni til að framlengja ferðina til Kolbeinseyjar. Það leystist líka og skömmu eftir að varðskipið kom á staðinn og framkvæmdir voru að hefjast mættum við á vettvang og gengum á land í Kolbeinsey. Varð úr þessu ógleymanlegur dagur og víst er að fleiri bætast ekki úr þessu í fámennan flokk þeirra sem drepit hafa niður fæti á Kolbeinsey. Hún stendur tæpast lengur undir nafni, þyrlupallurinn hvarf endanlega í hafið um 2010 og Kolbeinsey er nú í reynd tvö sker.

Árni kannaði eyna, tók sýni og átti reyndar eftir að kafa við eyjuna, rannsaka hana frekar og gera skýrslu um ástand hennar ári síðar. Atli Rúnar flutti pistil um framkvæmdirnar í hádegisfréttum útvarps og móður hans á Akureyri brá illa við. Hún hélt að frumburður sinn lægi sofandi þar í gestaherberginu og hugðist draga hann að hádegismatarborðinu þegar hinn meinti

næstgæstur hóf upp raust sína á varðskipi í beinni útsendingu frá Kolbeinsey.


Við hinir óvæntu gestir fengum hádegismat í varðskipinu í boði skipherrans og allir skildu sáttir. Á bakleiðinni til Grímseyjar renndum við fyrir fisk og komum ósofnir en hestánægðir til Akureyrar síðla kvölds.



Lagt að varðskipinu Óðni úti við Kolbeinsey.

ÓKEI, JÁ, HVERNIG BYRJADI ÞETTA?

Hér er fjallað um ÓKEI, OK eða O.K, en hvernig náði þessi stafasamsetning útbreiðslu um allan heim - og til tunglsins?



ERU RAUÐHÆRÐAR KONUR HÆTTULEGRI EN AÐRAR?

Fræðandi og skemmtileg bók um hjátrú af ýmsum toga.



holabok.is • holar@holabok.is

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

**Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár**

2024

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.

Frábærar gjafakörfur með jólagóðgæti hjá Silla Kokki

Stutt er síðan að Silli Kokkur opnaði frábæran veitingastað að Höfðabakka 1. Silli hefur langa reynslu af því að bjóða fólki frábæra rétti og nú á dögnum fóru þau hjá Silla Kokki að bjóða upp á glæsileg hlaðborð. Þetta voru annars vegar villibráðakvöld og hins vegar jólahlaðborð.

Nánast var uppselt í öll hlaðborðin og aðsókn fór fram úr öllum vonum.

„Það var mikið um hópa sem komu til okkar og ég held að allir hafi farið vel saddir og sælir heim að máltíð lokinni.“ segir Elsa Blöndal Sigfúsdóttir, annar eigandi hjá Silla kokki.

Frábærar gjafakörfur fyrir jólin

Nýlega hóf Silli kokkur sölu á glæsilegum gjafakörfum fyrir bæði einstaklinga og ekki síður fyrirtæki.

Þekkt er að mörg fyrirtæki gera vel við starfsmenn sína og viðskiptavinum um jólin

og áramótin og þar koma gjafakörfur frá Silla kokki sterkar in.

Í körfunum er úrval af frábærum vörum sem Silli kokkur hefur gert af sinni alkunnu snilld. Sjá má sýnishorn af gjafakörfunum á myndunum hér til hliðar.

Silli kokkur hefur langa reynslu af því að veða villibráð og er fyrir margt löngu orðinn landsfrægur fyrir matreiðslu á bráðinni sem hann veiðir sjálfur.

„Við erum nýbyrjuð að selja hinar árlegu gjafakörfur okkar og þær rjúka út eins og heitar lummur. Fólk er farið að þekkja þessar góðu körfur og nýtir þær til gjafa fyrir jólin eða áramótin eða þá fyrir sig og sína.“ segir Elsa Blöndal.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni sillkokkur.is

Frægur fyrir hamborgarana

Silli Kokkur er frægur fyrir frábært úrval af hamborgurum og ekki síst gæsa-

hamborgara og hreindýrahamborgara sína.

Hægt er að skoða fjölbreytt úrval af hamborgurum á sillkokkur.is

Hægt er að koma á veitingastaðinn að Höfðabakka 1 og gæða sér á frábærum réttum af matseðli á staðnum.

Hamborgarar í take away eru afgreiddir úr matarvagninum fyrir utan Silla kokk að Höfðabakka 1 fyrir þá sem vilja panta hamborgara hjá Silla og taka síðan matinn með sér heim.

Lokað er hjá Silla Kokki á mánudögum og þriðjudögum. Opíð miðvikudaga frá kl. 11:30 til 21.00. Á fimmtudögum frá kl. 11:15 til 23.00, á föstudögum frá kl. 11:15 til 23.00, á laugardögum frá kl. 12.00 til kl. 23:00 og á sunnudögum frá kl. 12:00 til kl. 21.00.



VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILA ER LEIKIN AF 120.000.000 MANNS Í YFIR 90 LÖNDUM.

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE, PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

TUDOR KRAFTUR



Ekki láta frostið koma þér á óvart um jólin!

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI


TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

NÚ NEGLUM VIÐ PISA!



Stafróf knattspyrnunnar
Fuglar á Fróni
Ólga
Fótboltaspurningar
Spurningabókin



Frábærar bækur, fyrir yngri sem eldri.

holabok.is • holar@holabok.is

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

GEFÐU RÚLLANDI GÓÐA JÓLAGJÖF



OPNUNARTÍMAR YFIR HÁTÍÐIRNAR

23.des. **16-21**
 24.des. **LOKAÐ**
 25.des. **LOKAÐ**
 26.des. **16-21**
 27.des. **14-00**

28.des. **11:30-00**
 29.des. **11:30-22**
 30.des. **14-22**
 31.des. **LOKAÐ**
 1.jan. **16-21**



Árin í MR, 1967–1971

- Þrjú stuttir kaflar úr ævisögu Geirs
Haarde sem komin er út hjá Bjarti

Menntaskólinn í Reykjavík var á þessum árum jafnan settur 1. október við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni. Mikil þrengsl voru í skólanum og var 3. bekkjum (sem voru á fyrsta vetri í skólanum) og stærðfræðideild 4. bekkjar kennt eftir hádegið. Rektor skólans var Einar Magnússon en hann hafði kennt hinar ýmsu námsgreinar um langt árabil. Meðal kennara minna fyrsta árið voru ýmsir þekktir menn sem sögu gengu af. Á þessu ári kenndu mér meðal annarra Guðni Guðmundsson enskukennari og síðar rektor skólans, Jón S. Guðmundsson íslenskukennari, Ólafur Hansson prófessor í sagnfræði, sem kenndi okkur þýsku, og Friðfinnur Ólafsson, forstjóri Háskólalabíós, en hann var stundakennari í bókfærslu. Allir voru þessir menn gamansamir og skemmtilegir í meira lagi, hver á sinn hátt. Sögu kenndi okkur Helgi Þorláksson, síðar prófessor, þá 22 ára. Á þessum árum þéruðust nemendur og kenningar almennt en sá síður var þó á undanhaldi.


Ég var formaður bekkjarráðs fyrsta veturinn en ráðið skipulagði skemmtikvöld fyrir árganginn og ferðir í menntaskólaselið fyrir ofan Hveragerði. Í febrúar fluttum við mamma af Sólvallagötunni á Miklubraut 18 og í byrjun maí fékk ég bílpróf, þremur vikum áður en skipt var úr vinstri yfir í hægri umferð.

Um vorið þurftu allir að gera upp við sig hvort þeir vildu fara í máladeild eða stærðfræðideild næsta vetur og fram að stúdentsprófi. Mér hafði alltaf gengið mjög vel í stærðfræði en valdi máladeildina því mér leiddust eðlis- og efnafærð. Mér hafði alltaf fundist gaman að glíma við erlend tungumál en í máladeild var á þessum tíma kennd þýska, franska og latína auk ensku og dönsku. Eftir á að hyggja má segja að námið í máladeildinni hafi meira verið neysla á líðandi stund en fjárfesting til framtíðar. Það var til dæmis oft gaman

í latínutímum hjá Þórði Erni Sigurðssyni, sem kenndi mér í þrjá vetur, þótt deila megi um hve latínunámið hafi verið góð fjárfesting. En að sjálf-sögðu er góður grunnur í tungumálum verðmætur síðar á lífsleiðinni og hefur nýst mér vel. Þá stærðfræði sem ég þurfti síðar á að halda í hagfræðinámi mínu lærði ég samhliða því námi.

Sumarið 1968 og aftur ári síðar fékk ég vinnu í símavinnuflokkum sem hafði bækistöð á Jörfa við Vesturlandsveg. Þar voru nokkrir strákar á mínu reki en einnig eldri menn sem voru í flokknum allt árið. Við grófum skurði fyrir símalagnir og unnum önnur tilfallandi verk á svæðinu í kringum Reykjavík og fórum lengst austur á Stokkseyri og í Borgarfjörð. Þetta var erfið en oftast skemmtileg útvinna og vinnuflokkurinn náði vel saman. Þar var mikið sagt af óþrethæfum sögum og vísum. Við fórum síðan nokkrir úr hópnum með Herjólf þess tíma á þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum í ágúst og er það eina skiptið sem ég hef komið á þá samkomu. Eitt sinn fórum við líka nokkrir saman út að skemmta okkur og var þá farið í Alþýðuhúskjallaran þar sem nú er Hótel 101. Annars voru aðalskemmtistaðir jafnaldranna minna á þessum árum Glaumbær, Sigtún (gamla Sjálfstæðishúsið, síðar Nasa), Hótel Borg og Tjarnarbúð í Oddfellowhúsinu, en þegar Glaumbær brann í desember 1971 tók Klúbburinn í Borgartúni 32 við hlutverki hans sumarið eftir.

Annar veturinn í MR var bekkurinn minn í Prúðvangi við Laufásveg, þar sem Einar Benediktsson skáld bjó eitt sinn og Tónlistarskólinn í Reykjavík var síðar til húsa. Þá átti ég oft ekki erindi vikum saman í aðalbyggingu Menntaskólans. Ég hafði mig ekki mik-



Geir tekur við keflinu sem inspector scholae í MR af Davíð Oddssyni vorið 1970.

id í frammí í félagsmálum innan skólans þennan vetur en var um haustið, mest fyrir orð Kjartans Gunnarssonar, beðinn um að taka laust sæti í stjórn Heimdallar sem ætlað var MR-ingi. Sat ég í stjórninni í eitt ár.

Í gömlu Valhöll við Suðurgötu stóð Heimdallur fyrir fjölpættu starfi, m.a. fundum með ýmsum framámönnum í stjórnarmálum, svo sem Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra og öðrum ráðherrum flokksins, Geir Hallgrímssyni borgarstjóra og mörgum fleirum. Einnig komu á fundi í Heimdalli á þessum tíma menn eins og Hannibal Valdimarsson forseti ASÍ og Guðmundur J. Guðmundsson formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Voru umræður einatt beinskeyttar og fjöru-gar. Ég blandaði mér ekki mikið í þær framan af en hlustaði þeim mun betur og lærði margt.

Vorið 1969 var kosið til trúnaðarstarfa á vegum Skólafélags MR. Merkilegasta starfið var embætti inspectors scholae en bæði í MR og MA gengu formenn nemendafélaganna undir þessu virðulega latneska heiti. Ritari skólafélagsins bar titilinn scribae scholaris og gjaldkerinn quaestor scholaris en það embætti var þó ekki stofnað fyrr en 1970. Fyrir lá að skólalabíóir minn frá því í barnaskóla, Þorvaldur Gylfason, síðar hagfræðiprófessor, myndi gefa kost á sér sem inspector og var ég ráðinn í að styðja hann vegna okkar gömlu kynna. Vinur minn Kjartan Gunnarsson var sama sinnis, sem og ýmsir samherjar okkar í stjórnarmálum.

Hinn frambjóðandinn var Davíð Oddsson, síðar forsætisráðherra, sem hlotið hafði lof fyrir frammistöðu sína í leikritinu um Bubba kóng á Herranótt þá um veturinn. Hann hringdi til mín og sagðist hafa orð Hrafns Gunnlaugssonar fyrir því að ég myndi styðja sig. Ég sagði sem var að það væri einhver misskilningur því ég ætlaði að kjósa Þorvald og lauk þá samtalinu. Þetta voru fyrstu kynni okkar Davíðs og þau einu fram yfir næstu áramót. Skemmt er frá því að segja að hann vann kosninguna með nokkrum yfirburðum og hafði m.a. hlotið stuðning margra áberandi vinstri manna í hópi nemenda. Ýmsir af mínum vinum höfðu einnig kosið hann, þar á meðal Steinn Jónsson og Hannes J.S., og ekki farið að mínum ráðum. Þorvaldur, sem var sonur menntamálaráðherra, var talinn fulltrúi „fhaldaflanna“ og „status quo“. Bekkjarsystir mín úr Hagaskóla, Kristín Magnúsdóttir, var kosin scriba scholaris. Faðir hennar var Magnús Jónsson frá Mel, sem þá var þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, en hún var þó ekki talin vera hluti af fhaldaöflunum.

Það er athyglisvert í ljósi síðari tíma atburða að kollegar Davíðs sem formenn nemendafélaga í Menntaskólanum á Akureyri og við Hamrahlíð voru Ingimundur Friðriksson,


síðar seðlabankastjóri, og Eiríkur Tómasson, síðar hæstaréttar- og landsdómari.

Vorið 1969 var gerð skipulagsbreyting á skólaladinu í MR. Máladeildinni



var skipt upp í forn- og nýmáladeild og stærðfræðideildinni í eðlis- og náttúrufræðideild. Í máladeild var ekki í byrjun mikill munur milli hinna nýju deilda, aðeins færri latínutímar í nýmáladeildinni og fleiri í öðrum tungumálum. Ég valdi nýmáladeildina.

Atli Heimir Sveinsson tónskáld, sem kenndi söng við MR, setti saman lítinn skólakór þennan vetur. Ég fékk það verkefni hjá Atla að syngja einsöng í Dómkirkjunni á síðasta skóladegi fyrir jól og man enn hvaða sálmur það var: „Syngið Guði sæta dýrð, Síon og öll kristín hjörð“ og svo framvegis. Leikklúbbur MR, Herranótt, setti upp leikritið Lysiströtu eftir Aristofanes í Háskólalabíó í mars 1970. Brynja Benediktsdóttir var leikstjóri og vakti þessi sýning nokkra athygli í bæjarlífinu. Ragnheiður Steindórsdóttir fékk einróma lof fyrir frammistöðu sína sem Lysistrata. Í sýningunni var myndarleg kór karla sem ég var með í ásamt vinum mínum Steini og Hannesi. Undirbúningur sýningarinnar stóð frá því fyrir jól og var það mikil vinna en jafnframt góð skemmtun. Sýningar voru þó aðeins tvær enda víðurhlutamikið að sýna í Háskólalabíó.



Stjórn Skólafélags MR 1970-71. Markús Möller hagfræðingur, Geir og Bogi Ágústsson sjónvarpsfréttamaður.

„SÆTIR TÍÐINDUM!“

„Ýtarleg og vandlega unnin
...Það ber með sér karaktereinkenni
auðmýktar sem sjaldséð er í
Íslenskri og jafnvel alþjóðlegri
pólítík og gerir söguna áhugaverða.
...nauðsynleg sagnfræðileg heimild
...vönduð, skemmtileg.“

- Ásgeir Brynjar Torfason,
Heimilidinni



- Sölvi Sveinsson,
Morgunblaðinu

„Sætir tíðindum ...
vönduð að allri gerð.“

- Ólafur Arnarson,
hringbraut.is

„Virkilega spennandi ...
rennur ofboðslega vel ...
óhætt að mæla með ...“

- Heimir Már Pétursson,
Stöð 2

GEIR H.
HAARDE
ÆVISAGA

BJARTUR

1

handbækur /
fræðibækur /
ævisögur
Eymundsson

1.

BÓKSÖLULISTINN

Fræðibækur og
rit almenns efnis



BJARTUR



Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.890 kr kg



GV

Ritstjórn og
auglýsingar 698-2844

Fréttir

GV

Af hverju mega ófrískar konur ekki pissa úti í tunglsljósi?

Í bókinni Svartir kettir, fullt tungl og rauðhærðar konur. Eftir Sómon Jón Jóhannsson þjóðháttfræðing, er fjallað um hjátrú af ýmsum toga, bæði innlenda og erlenda, gamalgróna og nýja. Efnid er sett fram á skýran og einfaldan hátt og flokkað í kafla, meðal annars um dýr, tímann, líkamann, ástir og kynlíf, mat og drykk, athafnir, börn, hluti, sjúkdóma og dauði. Þá er rætt við nokkra einstaklinga úr mismunandi starfsstéttum um þá hjátrú sem fyrirfinnst í þeirra starfsumhverfi, lögreglumann, íþróttamann, flugstjóra, leikara, tónlistarmann og hjúkrunarfræðinga.

Flestir þekkja að best er að sneiða hjá svörtum köttum sem hlaupa þvert á leið manna, að það boðar sjö ára ógæfu að brjóta spegil og að talan þrettán er varasöm. Þetta flokkast undir það sem við vanalega köllum hjátrú.

Margir þjóðfræðingar nú á tímum kjósa að nota orðið hjátrú í þrengri merkingu en þjóðtrú og þá sem hluta af eða þátt innan þjóðtrúar. Hjátrú vísar til þeirrar trúar sem liggur til hliðar við það sem kallað er opinber trú, í rauninni til þess sem menn ættu ekki að trúa, á svipaðan hátt og orðin hjákona og hjáverk. Í hjátrú felast m. a. ýmsir fyrirboðar, góðs vitar og ills vitar, og þær athafnir sem menn hafa í frammi til þess að reyna að hafa áhrif á gang mála í daglegu lífi, koma í veg fyrir ólán eða auka gæfu og gengi. Þess vegna gjalda menn varhug við ýmsu – taka mark á og fara eftir ákveðnum boðum og bönnum.

Hinn hjátrúarfulli gerir ráð fyrir að í tilverunni úi og grúi af hættulegum öflum sem sífellt beri að varast, vinna gegn eða hafa góð. Einnig séu til staðar góð öfl sem nýta megi sér til hjálpar og framdráttar með ákveðnum hætti. Forlagatrú er því samofin hjátrú.

– Hundur sem liggur fram á lappir sínar, leggur trýnið á þær og snýr mót dyrum, spáir gestakomu. Leggi hun-

durinn hausinn aðeins yfir vinstri framfótinn er gesturinn þjófóttur en ef hann liggur fram á hægri fót er sá sem kemur í heimsókn heiðarlegur. Þegar hundstrýnið er milli lappanna er gesturinn samsveitungi en trýni utan lappa bendir til þess að von sé á gesti úr annarri sveit.

– Þegar hrafnar fljúga í kross yfir kirkju þá er einhver í nágrenninu feigur.

– Ef sjómenn sofa hjá nóttina áður en haldið er í veiðiferð koma þeir til með að veiða lúðu.

– Það er ólánsvegur að henda brauði því þá verða menn svangir síðar.

– Geti stúlka sem látin er setjast á baldursbrá ekki staðið upp aftur þá er hún ekki hrein mey.

– Þeir sem eru með blá augu eru gáfaðir, blíðir og skáldmæltir.

– Ótrúar eiginkonur eignast rauðhærð börn.

– Brúðhjón verða að standa svo þétt saman við altarið að ekki sjái á milli þeirra því annars gengur hjónabandið ekki vel.

– Sá sem fær síðustu kaffidropana úr kaffikönnunni eignast kolvitlaus tengdamömmu.

– Ólánsvegur er að mæta svörtum

köttum eða öðrum óheillakrákum svo sem rauðhærðum konum, rangeygðum o.s.frv. á leið í próf.

– Börn hætta að vaxa borði þau ker-tavax.

– Ógift stúlka sem sest við endann á matarborði eignast rangeygðan mann.

– Horfi menn lengi í glerið á örbylgjuofni verða þeir blindir.

– Ekki mega ófrískar konur pissa úti í tunglsljósi því þá verður barnið sinnisveikt.

– Það er illt viti að blístra í leikhúsi.

– Við bakverk er þjóðráð að binda hreina mey á bak sér eða gera band úr hári hennar og leggja við bakið.

– Til að lækna gigt á að taka inn fimm geitaspörð á fastandi maga með hvítvíni, átta daga í röð.

– Það lækna kvef að lykta af óhreinum sokkum.

– Það er góðs viti að mæta tómmum líkbíl en menn verða að gæta þess að snúa sér ekki við og horfa á eftir honum.

Þá er voðinn vís. á, og hvað er svo þetta með rauðhærðu konurnar? Skyldu þær vera hættulegri en aðrar, eða hvað?



Svartir kettir,
fullt tungl
og rauðhærðar konur

Hjátrú af ýmsum toga

Simon Jón Jóhannsson

Við styðjum handboltann í Fjölni





Besti leikmaður 2024 í mfl. kvenna, Hrafnhildur Árnadóttir.



Besti ungi leikmaðurinn 2024 Emilía Lind Atladóttir.



Halldór Snær Georgsson besti leikmaðurinn í mfl. karla.

Lokahóf meistaraflokka Fjölnis í knattspyrnu

Lokahóf meistaraflokka Fjölnis í knattspyrnu fór fram í hátíðasalnum Dalhúsum laugardaginn 28. september síðastliðinn. Þar komu saman leikmenn, þjálfarar og stjórnarnemur og konur til þess að loka nýliðnu tímabili en boðið var upp á

mat og drykk auk skemmtiatriða.

Alls voru veittar sex viðurkenningar fyrir sumarið en Máni Austmann Hilmarsson og María Sól Magnúsdóttir voru markahæst, Jó-

natan Guðni Arnarson og Emilía Lind Atladóttir voru efnilegust og svo voru Hrafnhildur Árnadóttir og Halldór Snær Georgsson valin best.

Eins var Guðmundi Karli leikmanni karlal-

iðsins færð blóm fyrir öll árin og frábæran tíma hjá félaginu.

Verður það mikil eftirsjá enda magnaður leikmaður og Fjölnismaður þar á ferð.



Jónatan Guðni Arnarson, efnilegastur.



Máni austmann Hilmarsson, markahæstur.



Markahæst 2024, María Sól Magnúsdóttir.

Framlengja og skrifa undir við Fjölni

Ester Lilja framlengir

Ester Lilja Harðardóttir leikmaður meistaraflokks kvenna hefur framlengt samning sinn við Fjölni til ársins 2026.

Ester er kraftmikill leikmaður sem getur leyst margar stöður. Hún kom fyrst til Fjölnis árið 2023 og hefur síðan þá verið einn af burðarásnum liðsins. Hún er sannkallaður leiðtogi og ótrúlega góð fyrirmynd.

Tómas Aris skrifar undir

Hinn ungi og efnilegi Tómas Aris Dimitropoulos hefur skrifað undir samning við uppeldisfélagið sitt til ársins 2027. Tómas Aris getur spilað bæði sem miðjumaður og bakvörður, spilaði stórt

hlutverk með 2 flokk síðastliððu tímabili og var gríðarlega öflugur. Tómas hefur fengið smjörþefinn af því æfa með meistaraflokk félagsins.

Birgir Þór skrifar undir

Miðvörðurinn ungi Birgir Þór Ólafsson hefur skrifað undir samning við uppeldisfélagið sitt til ársins 2027. Birgir Þór steig sín fyrstu skref í meistaraflokksbolta síðastliððu tímabili með Vængjum Júpíters þar sem hann tók þátt í 8 leikjum og stóð sig frábælega. Biggi var líka lykilleikmaður í 2. flokki félagsins síðastliððu tímabili. Birgir Þór er frábær fyrirmynd innan sem utan valar.

Reynir framlengir

Reynir Haraldsson varnarmaður Fjölnis hefur gert nýjan 2 ára samning við félagið.

Reynir hefur verið lykilleikmaður í liði Fjölnis undanfarnin tímabili og er þetta því mikil viðurkenning fyrir félagið.

Bragi Már skrifar undir

Hinn ungi og efnilegi bakvörður, Bragi Már Jóhannsson, hefur skrifað undir sinn fyrsta samning við uppeldisfélagið sitt, Fjölni, til ársins 2027. Bragi sem er 16 ára gamall hefur spilað upp alla yngri flokka félagsins og kom öflugur inn í 2 flokk síðastliððu tímabili og stóð sig virkilega vel.

Eva Karen skrifar undir

Eva Karen Sigurdórsdóttir hefur snúið aftur heim til Fjölnis og gert tveggja ára samning við félagið.

Eva hefur spilað í Lengjudeildinni með Fram, HK og Gróttu en þar fyrir utan á hún 49 leiki með félaginu í Lengjudeild og 2. deild kvenna.

Harpa Sól framlengir

Miðjumaðurinn Harpa Sól Sigurdardóttir hefur framlengt samning sinn við Fjölni til næstu tveggja ára.

Harpa sem er afar öflugur og kraftmikill miðjumaður hefur leikið 39 leiki með félaginu í deild og bikar og skorað í þeim 14 mörk.

Sölvi Sigmarsson framlengir

Sölvi Sigmarsson leikmaður Fjölnis í knattspyrnu hefur framlengt samning sinn við Fjölni til ársins 2027. Sölvi sem er miðjumaður og uppalinn hjá Fjölni lék 6 leiki með félaginu í sumar. Árið 2022 fór hann á láni til Hauka og spilaði þar 20 leiki.

Máni Austmann framlengir

Sóknarmaðurinn Máni Austmann Hilmarsson hefur framlengt samning sinn við Fjölni til ársins 2026. Máni hefur verið einn af lykilmönnum félagsins undanfarnin ár og á nýliðnu tímabili spilaði hann 23 leiki í Lengjudeildinni og skoraði í þeim 12 mörk.



Ester Lilja Harðardóttir.



Máni Austmann Hilmarsson.



Birgir Þór Ólafsson.



Bragi Már Jóhannsson.



Harpa Sól Sigurdardóttir.



Reynir Haraldsson.



Sölvi Sigmarsson.



Tómas Aris Dimitropoulos.



Eva Karen Sigurdórsdóttir.



Sigurgeir I Sigurðarsson

Útlitið var ekki glæsilegt þegar Bardinn GK-475 strandaði á Snæfellsnesi, en allt fór þó vel að lokum.

Þyrlan eina vonin

Út er komin hjá Bókauktáfunni Hólum bókin Til taks – Þyrlusaga Landhelgisgæslu Íslands fyrstu 40 árin. Í bókinni er, eins og nafn hennar gefur til kynna, rakin saga þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands fyrstu fjóra áratuginna. Sagt er frá baráttunni fyrir því að fá björgunarþyrlu til landsins, en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina og æði misjafnar, viðamestu verkefnum þyrlanna og sviplegum atburðum í rekstri þeirra. Tveir af höfundum bókanna, þeir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson, eru reyndustu þyrluflugmenn okkar og hafa þeir, ásamt fleirum auðvitað, komið mörgum til bjargar. Þriðji í hópi höfunda er Júlíus Ó. Einarsson, björgunarsveitarmannur og fyrrum lögregluáður.

Fjöl margar myndir prýða bókina, sem ætti að höfða til allra landsmanna, enda koma þyrlur Landhelgisgæslunnar nánast við sögu á hverjum degi og þar leggja menn sig í líma við að bjarga lífi þeirra sem staddir eru í hættu.

Hér á eftir fer lítilsháttar efni úr bókinni og er gripið niður í frásögn Sigurðar Snæfells Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Björgunarsveitarinnar Bjargar á Hellissandi:

Snemma morguns þann 14. mars 1987 fengum við fregnir um að fiskibáturinn Bardinn GK-475 væri vélarvana í nauðum við Hólahóla á Snæfellsnesi. Björgunarsveitir voru ræstar út frá Hellnum, Arnarstapa, Ólafsvík og Hellissandi, og héldum við út á nesid. Áhafnir næstaddra báta brugðust við og dældu út olíu til að róa brotin en svo fór að Bardinn kom inn í öldurótid og barst inn að klettunum þar sem hann skorðaðist fastur.

Brim var mikið er við komum á strandstað en fyrir sjónum okkar blasti við toppurinn af mastrinu. Í byrjun var reynt að hafa samband við áhöfnina en án árangurs. Leitað var strax við klettana að skipverjum og þurftum við að passa okkur að fá ekki brak úr bátunum yfir okkur en sjógangurinn var svo mikill að það kastaðist hátt upp í loftið og féll allt í kringum okkur. Fluglínutækið var komið upp og gert klárt til að freista þess að bjarga áhöfninni.

Björgunarþyrla

Landhelgisgæslunnar kom svo á vettvang og var það eina vonin á þessari stundu um að bjarga mætti áhöfninni.

Þyrlan byrjaði að hífa áhöfnina frá borði. Hún þurfti að lenda og losa sig við fyrstu mennina áður en hinir voru sóttir sem eftir voru um borð. Þar tók björgunarsveitin á móti mönnum og hlúði að þeim. Aðstæður voru slæmar á strandstað meðan á björguninni stóð og þurfti að vera vel á verði því brotsjórinn gekk yfir klettana og bátinn.

Í kringum hádegi fjaraði og sjógangurinn varð minni, og var þá fært að fara um borð í Bardann. Við fórum tveir um borð, báturinn hallaðist á stjórnborða og fór ég aftur í stýrishúsið eftir bakborðssíðu hans, og varð ég að hafa mig allan við svo ég missti ekki jafnvægið. Á dekkinu voru netadræsir og brak sem ekki hefði verið gæfulegt að lenda

í. Ástandið inni í stýrishúsinu var skelfilegt, þar sem brotsjórinn hafði hrifsað stóran hluta af tækjum og búnaði með sér og var það hreinlega horfið. Það var ströng áminning um að ekki má vanmeta kraftinn í Ægi, konungi sjávar. Inni í kortaklefanum mátti greinilega sjá ummerki eftir sjóinn. Eftir smá yfirferð fann ég bara eitt armbandsúr sem hékk uppi á vegg og var það hið eina sem hægt var að bjarga af persónulegum eigum áhafnarinnar. Það var ánægjulegt að geta skilað því í réttar hendur. Er ekki neinn vafi á því að kortaklefinn bjargaði áhöfninni, því ekki hefði verið möguleiki að hafast við í stýrishúsinu. Ekki var gerð tilraun til að fara um vistarverur undir dekki þar



sem sjór var um allt.

Tel ég það mikla gæfu að Bardinn skorðaðist þannig að hann fór aldrei yfir á bakborða, þrátt fyrir gríðarlegan sjógang sem dundi á honum linnulaust á meðan þyrluáhöfnin sinni hinni frækilegu björgun.

Eftir tíu daga var farið í eftirlit á strandstað. Þá var nánast ekkert eftir af bátunum.



Höfundar bókanna, frá vinstri: Benóný Ásgrímsson, Júlíus Ó. Einarsson og Páll Halldórsson.

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EIGILSHÖLL

Umhverfissvænn og friðsæll kirkjugarður í allra þágu

Kirkjugarðar Reykjavíkur annast umsjón og umhirðu kirkjugarða á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal Gufuneskirkjugarðs, Fossvogskirkjugarðs, Hólavallagarðs og Kópavogskirkjugarðs. Þjónusta Kirkjugarða Reykjavíkur er opin öllum og með öllu óháð trúfélögum.

Starfsemin miðar að því að viðhalda ró og virðingu staðanna, sem hafa bæði sögulegt og tilfinningalegt gildi. Með áherslu á sjálfbærni hafa Kirkjugarðar Reykjavíkur verið að innleiða nýja stefnu sem miðar að aukinni umhverfisvernd og samfélagsábyrgð.

Ný stefnumótun Kirkjugarða Reykjavíkur

Í nýrri stefnumótun er lögð áhersla á friðhelgi garðanna þar sem ríkir kyrrð en einnig á sjálfbæra nálgun í rekstri og þjónustu. Markmiðið er að draga úr kolefnisspori með notkun rafmagnstæknibúnaðar, úrgangsstjórnun og vistvænum lausnum í umhirðu. Stefnumótunin felur einnig í sér aukna fræðslu og þátttöku samfélagsins. Lögð er áhersla á að gera kirkjugarða að grænum svæðum sem þjóna bæði umhverfislegum og menningarlegum tilgangi, þannig má auka félagslega notkun garðanna og gera þá að stöðum til að njóta upplifunar í fallegu og hlýlegu umhverfi. Kirkjugarðarnir eru því líka staðir þar sem fólk stundar t.d. göngutúra í friðsælu umhverfi.


Umhverfissvænnar leiðisskreytingar fyrir jólin

Aðventan er tími þar sem margir heimsækja kirkjugarða til að minnst látinna ástvina og Kirkjugarðar Reykjavíkur hvetja aðstandendur til að nota umhverfissvænnar leiðisskreytingar. Þau sem leggja leið sína í kirkjugarðana eru hvött til að velja náttúruleg efni eins og greinar, mosa og þurkuð blóm, í stað plastkransa og annarra skreytinga sem hafa neikvæð áhrif á náttúruna. Kirkjugarðar Reykjavíkur eru með til sölu umhverfissvænnar skreytingar, gerðar úr náttúrulegum efnum.

Þá er rétt að benda á að Kirkjugarðarnir hafa einnig komið fyrir sérstökum flokkunarstöðvum fyrir úrgang til að auðvelda gestum að flokka rusl.

Þessi nálgun er hluti af stærra átaki til að gera kirkjugarðana grænni og sjálfbærari. Með þessum skrefum sýna Kirkjugarðar Reykjavíkur virka þátttöku í umhverfisvernd, aukna samfélagsábyrgð og stuðla að því að minnst látinna á þann hátt sem er í sátt við náttúruna.

Með því að tileinka sér þessa stefnu geta gestir kirkjugarðanna notið þeirra bæði sem staða minningar og friðar, auk þess sem þeir stuðla að betri umgengni við náttúruna.



Kirkjugarðurinn í Gufunesi.

HeilsuKlasinn

Ókei - saga þekktasta orðatiltækis í heiminum

- eftir Sigurð Ægisson - Hólar gefa út

Út er komin bókinn ÓKEI — uppruni og saga þekktasta orðatiltækis í heimi. Höfundur er Sigurður Ægisson og Hólar gefa út.

OK eða O.K., ýmist ritað með lág- eða hástöfum, er sagt vera þekktasta útflutningsafurð Bandaríkjanna, fyrr og síðar. Alla vega er þessi stafasamsetning fyrir löngu komin um gjörvalla Jörð og mun í ofanálag vera fyrsta orðið sem heyrðist mælt á Tunglinu. Það er ekki lítið afrek. Hvað með aðrar reikistjórnur verður, á eftir að koma í ljós.

Í Vesturheimi fæddi það bráðlega af sér okay og okey og eftir það hafa fjölmargar útgáfur bæst við. Til Íslands hefur orðið eflaust borist sem talmál, eins og víðast hvar annars staðar, en ekki er ljóst nákvæmlega hvenær. Á prenti sést það hins vegar fyrst á 4. áratug 20. aldar. Síðar eignaðist það afkvæmi hér — sambandið allt í kei(inu). En hvernig byrjaði þetta allt? Það er spurningin. Í bókinni, sem er rúmar 300 blaðsíður að lengd, eru reifaðar 50 kenningar, sem allar hafa það að markmiði að reyna að svara henni. Farið er um allan heim í þeim tilgangi, m.a. til fjölmargra landa Afríku, Evrópu og jafnvel Asíu, og kafað langt aftur í mannkynssöguna, allt til daga Forn-Grikkja, Rómverja og Spartverja, og að auki leitað aðstoðar í þeirri glímu til Ástralíu og Suður-Ameríku.

Upphafid að rannsókn höfundar er atvik eða minning úr enskufíma í Menntaskólanum á Akureyri, en hann var þar í námi frá 1974 til 1978. O.K. hafði borist í tal einhverju sinni og aðra-

gandinn að fæðingu þess, og hann langaði frá því andartaki að lesa sér betur til um upphaf þessa orðalags eða hvað á að nefna blómið — frasa, orðatiltækis, setningarliðar, talsmáta — sem þá var tekið að festa rætur í íslensku máli. Það hafði reyndar komið mjög við sögu haustið 1950, hafði verið notað til að koma áleiðis afar mikilvægum skilaboðum, eftir að Geysir, millilandaflugvél Loftleiaða, hafði brotlent á Vatnajökli, með sex manna áhöfn. Þegar leitarmenn á Catalina-flugbátinum Vestfirðingi fóru þar yfir, gaus allt í einu upp reykstrókur af báli sem áhöfn áhöfn Geysis hafði kveikt til að vekja á sér athygli þegar flugvél myndi nálgast. Orðrétt segir flugstjórnin, Jóhannes Markússon, þegar hann rifjar þetta upp: „Ég lækkaði flugið og þá sáum við áhöfnina við flakið. Við trúðum varla okkar eigin augum. Þegar við flugum yfir sáum við að áhöfnin gaf okkur merki um að allir væru á lífi; hún myndaði OK.“

Þetta hefur verið magnþrungnið andartak.

Tveimur árum áður hafði Steinn Steinarr notað það í einu af sínum allra þekktustu ljóðum, þegar hann kvað:

Ég byggði mér hús við hafið
og hafið sagði: O.K.
Hér er ég, og ég heiti
Hudson Bay.

Þetta er samsé orðið hluti af íslenskum veruleika ekki nema rúmum áratug eftir að það birtist hér á framandi grund.

Eftir að hafa farið í tímaröð í gegnum hinar ýmsu kenningar um þessa smíð, þar sem byrjað er á þeirri elstu, telur höfundur sig í lokin geta bent á hið rétta upphaf og styður það heimildum, sem enginn hefur til þessa bent á eða notað í þeim tilgangi, og þá jafnframt leiðrétt þann misskilning sem verið hefur ríkjandi í uppsláttarritum allt frá því á 7. áratug 20. aldar, um að orðatiltækið sé að rekja til Boston og nágrennis á árunum 1838–1839. Það er nefnilega töluvert eldra og komið úr allt annarri átt.

Leitin að upphafi og sögu þekktasta orðatiltækis í heimi

Sigurður Ægisson

okei
okey
oken
oke
okej
okay
óke
okuei

OK.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Ultraform flytur í Gylfaflöt 10

Líkamsræktarstöðin Ultraform er flutt úr Grafarholti í glæsilegt húsnæði í Gylfaflöt 10 í Grafarvogi.

UltraForm er í grunnin hóptímastöð sem leggur áherslu á styrk og úthald í bland þar sem fólk vinnur ýmist paravinnu, eistaklingsvinnu eða samkvæmt liðafyrirkomulagi.

„Við reynum að leggja áherslu á nokkuð einfaldar æfingar sem auðvelt er að léttu jafnt sem þyngja og við erum aldrei með kröfu um að fólk þurfi að nota ákveðnar þyngdir eða ákveðin hraða yfir æfingar. Fólk þarf því ekki að vera í góðu formi til að byrja og byggir svo rólega ofan á þann grunn sem það hefur,” segir Sigurjón Ernir, íþróttfræðingur og eigandi líkamsræktarstöðvarinnar Ultraform.

Og hann heldur áfram: „Við erum með æfingahópa sem æfa ýmist tvisvar eða þrisvar í viku og við þann æfingafjölda bætist frí helgaræfing ásamt því að allir meðlimir í hópatímum hafa aðgengi að stöðinni þegar hópatímar eru ekki í gangi og eins frítt aðgengi að skokkhópnum þegar við erum með hlaupaæfingar,” segir Sigurjón.

Samhlíða hópatímum er UltraForm í Gylfaflötinni með hlaupafjarþjálfun, lífstílsþjálfun, heilsufyrirlestra, fyrirtækjamælingar og Hlaðvarp sem heitir Ultraform hlaðvarpið.



Glæsilegur hópur fólks sem stundar líkamsrækt af kappi í Ultraform.



Áhugasamir fá góða tilsögn frá fagmönnum í Ultraform.



Vel tekið á því í Ultraform.



Konurnar gefa karlmönnum ekkert eftir í Ultraform.

Gullnesti þakkar viðskiptin á árinu



Óskum Grafarvogsbúum gleðilegra

jóla og farsældar á nýju ári

Grillið í Grafarvogi - Gylfaflöt 1 - Sími: 567-7974

Draumapakkar fyrir fluguveiðimanninn



Echo Base flugustömg 9 fet fyrir línu 7/8
 Echo Base fluguhjól fyrir línu 6-8
 Echo flotlína
 Echo veiðihúfa
 Flugubox sem inniheldur 6 laxaflugur og 6 silungaflugur



Echo Lift flugustömg 9 fet fyrir línu 5/6
 Echo Ion fluguhjól fyrir línu 6-8
 Echo flotlína
 Echo veiðihúfa
 Flugubox sem inniheldur 6 laxaflugur og 6 silungaflugur



Echo Carbon XL flugustömg 9 fet fyrir línu 5/6
 Echo Bravo LT fluguhjól fyrir línu 4/5 eða 6/8
 Echo flotlína
 Echo veiðihúfa
 Flugubox sem inniheldur 10 laxaflugur og 10 sjóbirtingsflugur



Echo Compact tvíhendu flugustömg 12 fet fyrir línu 8
 Echo Bravo fluguhjól fyrir línu 7/9
 Echo flotlína
 Echo veiðihúfa
 Flugubox sem inniheldur 10 laxaflugur og 10 sjóbirtingsflugur

Upplýsingar í síma 698-2844 eða 699-1322



Krafla.is



Spönginni 13, 112 Reykjavík



Fréttir

GV

Góður áramngur „Kolkrakkanna” í Rimaskóla

- Lið Rimaskóla fengu 3. sæti fyrir hönnun og forritun á vélmenni í Lego League

Það væri gaman ef þú gætir nýtt þér þennan texta til að gera frétt í Grafarvogsbliðið frá okkur í Rimaskóla um Lego League keppnina og láta myndir fylgja með. Fyrsta myndin er af sýningarbás nemenda, önnur myndin er af liðinu, þriðja myndin er frá verðlaunaafhendingu og fjórða myndin er Lego útfærsla af liðinu.

Rimaskóli sendi lið í Lego League keppni sem er keppni á vegum verfræðideildar HÍ. Keppnin felst í að hanna þjarka, forrita hann til að leysa þrautir á þrautabraut, finna lausn á raunverulegu vandamáli og tengja það Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem í ár var hafid og sjálfbærni. Nemendurnir þurftu að kynna bæði hönnunina á þjarkanum, kynna hvernig þeir forrituðu hann ásamt því að kynna nýsköpunarverkefnið sitt. Einnig var keppt í liðsheild og samvin-

nu og settur var upp sýningarbás. Liðið hét Kolkrakkar og nemendur tóku t.d. viðtal við Dr. Árna sem er sjávarlíf-fræðingur, sem sérhæfir sig í sjúkdómum fiska krabbaþýra og lindýra, til fræðast betur um vandamál hafsins og lífríkið en að auki var þetta hluti af námsefni í náttúruvísindum hjá þeim.

Nýsköpunarverkefnið þeirra fékk mjög góða dóma en það byggir á því að minnka plastnotkun sem er farin að hafa neikvæð áhrif á lífríki sjávar. Nemendurnir unnu rosalega vel saman

enda þéttur og góður vinahópur úr 10. bekk, þeir voru mjög skapandi og hugmyndaþir, bæði í nýsköpunarverkefninu, við að skreyta sýningarbásinn sinn og í hönnun og forritun á vélmenni og liðið endaði í 3. sæti fyrir það.

Það er mjög verðskuldað fyrir liðið að fá viðurkenningu fyrir alla vinnuna en nemendur höfðu fórnad ótal frítíma til að vinna að verkefninu. Liðstjóri var Ninna, kennari í náttúruvísindum í unglingsdeild.



Lið Rimaskóla sem náði glæsilegum árangri í Lego League.



Sýningarbás nemenda í Rimaskóla.

KIRKJUGARÐAR
REYKJAVÍKUR

Umhverfisvænar leiðisskreytingar

Kirkjugarðar Reykjavíkur hvetja fólk til að nota umhverfisvænar skreytingar á leiði.

Við bjóðum upp á umhverfisvænar leiðisskreytingar með fullri þjónustu til sölu inn á kirkjugardar.is

Hugum að náttúrunni
– Verum umhverfisvæn

kirkjugardar.is




Óskum Grafarvogsbúum
gledilegra jóla
og farsældar á nýju ári

Félag Sjálfstæðismanna
í Grafarvogi





Vinsælasta jólágjöfin er líka sú einfaldasta



Gjafakort Arion fást í útibúum okkar og á
arionbanki.is/gjafakort

Grafarvoggsblaðið

9. tbl. 32. árg. 2021 - september

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi

70%

Grafarvogsbúa lesa Grafarvoggsblaðið

Mest lesni fjölmiðillinn í 20.000 manna hverfi?

Auglýsingarnar skila árangri í GV

gv@skrautas.is/ 698-2844

Jólatré úr sjálf- bærri grisjun í Heiðmörk

Fallega skreytt og ilmandi jólatré er órjúfanlegur hluti af jólahaldi okkar flestra. Síðurinn á sér um 170 ára sögu á Íslandi. Lengst af voru þó flest jólatrén smíðuð úr afgangstimbri eða vír og síðan máluð græn eða klædd með pappír, lyngi eða eini.

Fyrstu grenitrén voru flutt til Íslands um aldamótin 1900. Það voru þó aðeins ríkasta fólk landsins sem hafði efni á slíku. Er leið á öldina jókst innflutningur og fleiri fengu ilmandi jólatré. Jafnframt varð þó algengara að íslensk tré væru notuð sem jólatré enda hafa skógar landsins vaxið og dafnað, einkum á síðustu áratugum. Landsmenn kaupa nú um 50 þúsund lifandi jólatré ár hvert. Þar af um tíu þúsund tré úr íslenskum skógum.

Íslensk, lifandi jólatré eru að mörgu leyti besti kosturinn. Framleiðsla gervijólatrjáa er orkufrek og mengandi, enda eru þau oftast búin til úr plasti. Auk þess þarf að flytja þau um langan veg til Íslands. Lifandi jólatré sem eru flutt til

Íslands eru oft rækтуð á ökrum, með talsverðri efnanotkun og kolefnislosun, bæði við ræktun og flutning yfir hafid.

Innlend tré eru hins vegar oftast framleidd á umhverfisvænan hátt og nálægt þeim stað þar sem þau eru seld. Felling þeirra er yfirleitt hluti af nauðsynlegri grisjun vaxandi skóga. Ekki þarf að flytja trén um langan veg með tilheyrandi orkusun og hættu á smit-sjúkdómum. Og flest eru þau seld af skógræktarfélagum sem nota tekjurnar til að aukinnar skógræktar og félagsstarfs.

Svo skemmir ekki ef hægt er að kaupa jólatré fjölskyldunnar í fallegu umhverfi, og kannski nota tækifærið til útivistar í skóglendinu. Til dæmis með því að leggja leið sína á Jólamarkaðinn í Heiðmörk eða jólaskóg einhvers skógræktarfélagsins, þar sem hægt er að fella eigið jólatré.



Það er gaman að fara með fjölskyldunni og kaupa jólatré í Heiðmörk. Og ekki verða að hitta jólasveininn í leiðinni.



Þessi fóru með sögina og fundu sér fallett jólatré.

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360



**Frábær gjöf fyrir veiðimenn
og konur**

Gröfum nöfn veiðimanna á boxin
Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)

Vel skipulögð íbúð með miklu útsýni

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnir eignina Flétturimi 9, 112 Reykjavík, sem er tveggja herbergja íbúð á annarri hæð auk bílastæðis í lokaðri bílageymslu, nánar tiltekið eign merkt 02-03, fastanúmer 204-0165 ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðar og sameignarréttindi.

Eignin Flétturimi 9 er skráð sem hér segir hjá FMR: Eign 204-0165, birt stærð 81.5 fm. Íbúðin er vel skipulögð og björt og mikið útsýni er úr íbúðinni.

Nánari lýsing

Forstofa er flísalögð og með fataskáp.

Eldhús og stofa eru í opnu rými. Eldhús er með ljósum innréttingum, flísar á gólfi.

Stofa er björt og rúmgöð með parketi á gólfi, gengt er út á vestur svalir úr stofu.

Svefnherbergi er rúmgott og bjart með fataskáp og teppi á gólfi.

Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf, með badkari og innréttingu við vask.

Þvottahús er innan íbúðar.

Íbúðin er vel staðsett í grónu hverfi.

Stutt er í leikskóla, skóla, sundlaug og íþróttamiðstöð.

Verslanir og þjónustu eru í Spönginni og golfvöllir eru steinsnar frá í Grafarholti og á Korpúlfsstöðum.



Eldhús er með ljósum innréttingum, flísar á gólfi.



Stofa er björt og rúmgöð með parketi á gólfi, gengt er út á vestur svalir úr stofu.



Mikið útsýni er úr íbúðinni.



Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Sigrún Stella Einarsson
Lögfræðingur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinsson
Rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteignasali og skipasali s. 786-1414



Ólafur Kristjánsson
Löggiltur fasteignasali og skipasali s. 898 3459



Ingunn Þorsteinsdóttir
Nemi í löggildingu fasteignasala s. 612-0906



Anna Friðrika Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali og skipasali s. 892-8778

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík
Sími 575 8585. Opíð 10-17 mán.-föst

GLEÐILEG JÓL KÆRU GRAFARVOGSBÚAR



VÆTTABORGIR - 3ja HERB. - LAUS

Eignin er 91.1 fm, íbúðin 88,3 fm og geymsla af svólum íbúðar er 2,8 fm, aukageymsla er í lofti. Sér inngangur af svólum, ljósar og nýlegar innréttingar í eldhúsi og á baði, nýleg falleg gólfefni. Eignin er laus við kaupsamning.

Byggingaréttur fyrir bílskúr

Sími 575 8585



SKÓGARÁS - ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM

Eignin skiptist í 5 herbergja íbúð á neðri hæð og 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Falleg og vel innréttuð eign sem vert er að skoða. Stórar suður svalir með miklu útsýni.



LJÓSHEIMAR - 4ra HERBERGJA

Vel skipulögð 105,8 fermetra endaíbúð á 7.hæð. Mikið útsýni er úr íbúðinni en hún er í suðurenda hússins. Þrjú svefnherbergi. Íbúðin hefur tvennar svalir. Fallegar ljósar innréttingar, parket og flísar.



FJALLAKÓR - EINBYLISHÚS MED BÍLSKÚR

234,4 fm einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi auk stúdíóherbergis með badherbergi. Bjart og fallegt hús með miklu útsýni og fallegri lóð. LAUST VIÐ KAUPSAMNING




SMÍÐJUVELLIR-AKRANES

Stálgrindahús klætt með yl-einingum. Heildarstærð hússins samkvæmt Þjóðskrá er 1724,1 fm. og skiptist á þrjú fastanúmer sem eru 229-7078 sem er 774,2 fm. 229-7079 sem er 112 fm og 229-7080 sem er 837,9 fm. Nánari upplýsingar á skrifstofunni s. 575-8585

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



Kirkjufréttir

Mikil dagskrá verður í Grafarvogskirkju um aðventu, jól og áramót!

Sunnudagur 15. desember

Kl. 11:00 Jólball í Grafarvogskirkju.

Byrjum með stuttum sunnudagaskóla, fáum tónlistatriði frá Tónskóla Reykjavíkur. Svo verður dansað í kringum jólatréð og jólasveinar koma í heimsókn.

Sunnudagur 22. desember

Kl. 13:00 í Kirkjuselinu Óskasálmur jólaanna.

Söngstund með uppáhalds jólasálmunum og tekið verður við óskasálmum. Sr. Sigurður Grétar Helgason leiðir stundina ásamt Vox Populi og Láru Bryndís Eggertsdóttir.

Aðfangadagur 24. desember

Kl. 11:00

Boðið eftir jólunum - Jólástund barnanna í Grafarvogskirkju

Syngjum saman jólalög og hlustum á sögu. Umsjón hefur Hilda María Sigurðardóttir. Meðleikari er Stefán Birkisson.

Kl. 17:00

Aftansöngur í Kirkjuselinu í Spöng

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar.

Vox Populi leiðir söng.

Einsöngur Marína Ósk.

Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

Kl. 18:00 Aftansöngur í Grafarvogskirkju

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar.

Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Einsöngur Harpa Ósk Björnsdóttir.

Organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir

Kl. 23:30 Miðnæturguðspjónusta í Grafarvogskirkju

Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar.

Félagar úr Kammerkór Grafarvogskirkju leiða söng.

Organisti er Guðný Einarsdóttir.

Jóladagur 25. desember

Kl. 14:00 Hátíðarguðspjónusta í Grafarvogskirkju

Séra Aldís Rut Gísladóttir þjónar.

Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Einsöngur Hallveig Rúnarsdóttir.

Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

Kl. 15:30 Hátíðarguðspjónusta Hjúkrunarheimilinu Eir

Séra Aldís Rut Gísladóttir þjónar.

Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Einsöngur Hallveig Rúnarsdóttir.

Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

Gamlársdagur 31. desember

Kl. 18:00 Aftansöngur í Grafarvogskirkju

Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar.

Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Einsöngur Hildigunnur Einarsdóttir.

Organisti er Kristján Hrnannar Pálsson.

Nýársdagur 1. janúar

Kl. 14:00 Hátíðarguðspjónusta í Grafarvogskirkju

Séra Aldís Rut Gísladóttir þjónar. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Einsöngur Sigríður Ósk Kristjánsdóttir.

Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

12. janúar

Kl. 11:00 Messa í Grafarvogskirkju

Fermingarbörn og foreldrar úr Foldaskóla eru sérstaklega boðin velkomin.

Kl. 11:00 í Sunnudagaskóli í Grafarvogskirkju

Mikil tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt.

19. janúar

Kl. 11:00 Messa í Grafarvogskirkju

Fermingarbörn og foreldrar úr Víkur -og Rimaskóla eru sérstaklega boðin velkomin.

Kl. 11:00 Sunnudagaskóli í Grafarvogskirkju

Mikil tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt.

Messur í kirkjunni

Alla sunnudaga eru messur í kirkjunni kl. 11:00. Helgihald þar er fjölbreytt og messuformið klassískt. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Guðspjónustur í Kirkjuselinu

Fyrsta guðspjónustan á nýju ári verður 19. janúar.

Alla sunnudaga yfir vetrartímann eru Vörðumessur í Kirkjuselinu í Spöng kl. 13:00. Kertaljósastund og heilög máltíð. Ljúp tónlist. Vox Populi leiðir söng.

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er á neðri hæð kirkjunnar alla sunnudaga kl. 11:00. Brúðuleikhús, tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hilda María Sigurðardóttir og Anna Bibi Axelsdóttir. Undirleikari er Stefán Birkisson.

Helgistundir á Þriðjudögum í Kirkjuselinu

Síðasta helgistundin í Kirkjuselinu fyrir jól verður 17. desember og þær hefjast á ný 7. janúar. Þær eru haldnar á þriðjudögum kl. 10:30 og eru öllum opnar.

Kyrrðarstundir

Síðasta kyrrðarstundin fyrir jól verður þriðjudaginn 17. desember og þær hefjast á ný 7. janúar. Kyrrðarstundirnar eru í Grafarvogskirkju á þriðjudögum kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði. Tekið er við fyrirbænaefnum í kirkjunni.

Barna- og unglíngastarfið

Barna- og æskulýsstarfið verður í jólafrii frá 11. desember – 12. janúar.

Mikið og fjölbreytt starf er í boði fyrir börn og unglínga í Grafarvogssöfnuði.

Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár er að finna á heimasíðu kirkjunnar. www.grafarvogskirkja.is sem og á Facebook og Instagram.

Vilt þú verða vinur Grafarvogskirkju?

Í kirkjunni leggjum ríka áherslu á kærleikann en vináttan er ekki síður mikilvæg. Það er öllum manneskjum nauðsynlegt að eiga vini, fólk sem styður okkur, sem við getum speglað okkur í og treyst fyrir okkur sjálfum. Gerist félagar í **facebook** hópnun **Vinir Grafarvogskirkju** og fáið upplýsingar um viðburði í vinahópnum

Félagsstarf fullorðinna

Síðasta opna húsið fyrir jól verður 10. desember og það hefist á ný 14. janúar. Oprið húsið er í kirkjunni alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem hafa lausa stund á daginn. Stundin hefist á fræðslu eða skemmtiefni og samsöng í kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil og spjall. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði.

Foreldramorgnar

Sameiginlegir foreldramorgnar og krílasálmur Grafarvogs- Guðríðar- og Árbæjarkirkju eru á þriðjudögum í Guðríðarkirkju kl. 10-12. Söngur, tónlistarupplifun, spjall og kaffi. Umsjón hafa: Björk djákni í Árbæjarkirkju, María Rut prestur í Guðríðarkirkju ásamt öðru starfsfólki safnaðanna.

Barna- og unglíngakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju

Kórstjóri er Auður Guðjohnsen. Hljóðferasmíðju kennir Sævar Helgi Jóhannsson. Skráning fer fram á www.tonrey.is Hægt er að nýta frístundastyrk.

Djúpslökun

Síðasta djúpslökunin fyrir jól verður 12. desember og hefist á ný 16. janúar.

Djúpslökun er á fimmtudögum kl. 17:00. Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undirbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun með kristilegu ívafi. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í yoga og lengra komnum.

Djúpslökunin er gjaldfrjálst og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir yogakennari.

Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju

Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00. Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu. Við bjóðum nýja og eldri þátttakendur hjartanlega velkomna og viljum sjá sem allra flest og einmitt þig! Nánari upplýsingar eru á Facebooksíðu *Prjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju*.

Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi

Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir lara@grafarvogskirkja.is Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!



Mynd Jón Bjarnason



Mynd Jón Bjarnason



Mynd Jón Bjarnason


Vígðir þjónar safnaðarins:

Arna Ýrr Sigurðardóttir sóknarprestur arna@grafarvogskirkja.is

Sigurður Grétar Helgason prestur sigurdur@grafarvogskirkja.is

Aldís Rut Gísladóttir prestur aldisrut@grafarvogskirkja.is

Kristín Kristjánsdóttir djákni kristin@grafarvogskirkja.is




Sími: 587 9070

Netfang: grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is

Heimasíða: www.grafarvogskirkja.is

Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi

Instagram: [grafarvogskirkja_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)



Vekomin í kirkjuna þína!

Frábærar jólagjafir

Hágæða burstasett frá Sigma - 22 burstar í setti




88 augnskugga-pallettur - Margar gerðir - Frábær verð



88 Warm palette



88 Metal Mania palette



Kinnalitapallettur



Tvær fallegar snyrtibuddur frá Sigma

Allar nánari upplýsingar í síma 699-1322